

SSNV. Samtök sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130, 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. ssnv@simnet.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/45
komudagur 29.10.2003

Hva mmstanga 28. október 2003.


Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Á fundi stjórnar SSNV sem haldinn var 24. október sl. var erindi frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dagsett 15. október sl., tekið til afgreiðslu og eftirfarandi bókun gerð:

„Frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. 90. mál: Það kemur stjórn SSNV mjög á óvart að lagt sé fram frumvarp nú til að hækka þungaskatt og vörugjald af ökutækjum og eldsneyti þar sem það er stefna ríkisstjórnarinnar að lækka skatta. Þungaskattur og eldsneytisgjald eru íþyngjandi landsbyggðarskattar og er nú annað þarfara en að auka þá skattlagningu. Stjórn SSNV hefur bent á það sem leið til að beita skattkerfinu til jöfnunar lífskjara á lækka þungaskatt af vöruf lutningum. Stjórn SSNV leggst gegn samþykkt frumvarpsins. Hvað segir ESA núna?“

Þetta tilkynnist hér með.

Fyrir hönd stjórnar SSNV


Bjarni Þór Einarsson,
framkvæmdastjóri SSNV.